



Borgarráð

**Íþróttafélag Reykjavíkur**

Íþróttafélag Reykjavíkur mun síðar á árinu 2022 taka yfir rekstur nýs íþróttahúss í S-Mjódd auk reksturs annarra mannvirkja sem félagið hefur rekið.

Hjálagt fylgja drög að þjónustusamningi við ÍR vegna rekstur mannvirkja í S-Mjódd.

Menningar-, íþróttta- og tómsfundaráð samþykkti samninginn fyrir sitt leyti á fundi sínum í dag og vísaði honum til borgarráðs til staðfestingar.

Ómar Einarsson,  
sviðsstjóri.

# Samningur um rekstur íþróttamannvirkja

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Íþróttafélags Reykjavíkur kt. 670169-1549, Skógarseli 12, 109 Reykjavík, hér eftir nefnt ÍR.

## 1. gr.

ÍR skal sjá um rekstur á Íþróttahúsi við Austurberg (til 1. ágúst 2022), íþróttahúsi Breiðholtsskóla, íþróttahúsi Seljaskóla, knatt húsi, frjálsíþóttavelli og íþróttahúsi við Skógarsel svo og Skógarseli 12 (skrifstofa, félagsaðstaða og íþróttasalur) sem er eign félagsins.

Frá og með 1. janúar 2022 skal ÍR greiða rekstrarkostnað mannvirkja, sbr. 4. gr. og bera ábyrgð á rekstri húsa og valla.

## 2. gr.

Starfsfólk og stjórn ÍR skal kynna sér siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. ÍR skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

ÍR skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

## 3. gr.

ÍR annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum ÍR og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum ÍR og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

ÍR fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er vegna íþróttafulltrúa, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins að undanskyldum húsnæðisstyrk vegna Skógarsels og gervigrasvallar sem verður greiddur af Reykjavíkurborg í gegnum þennan samning.

ÍR skal greiða rekstrarkostnað vegna íþróttahúsanna og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteigna og við bað- og búningsklefavörslu og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis. Þá skal ÍR skal greiða rafmagn, heitt- og kalt vatn af íþróttamannvirkjunum.

ÍR skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

ÍR skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald

mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

Félagið skal jafnframt kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóns, sem gæti orðið á mannvirki eða búnaði af völdum mistaka starfsmanna ÍR.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður af útköllum vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal ÍR endurgreiða hann í desember ár hvert.

#### 4. gr.

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til ÍR vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. 147.596.173,- á ári sbr. forsk.1. Greiðslurnar skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2022 835,4 og vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2022 517,9. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50 % vegna neyslúvísitölu.

Greiðslur samkvæmt þessum samningi til ÍR eru vegna reksturs á:

- Íþróttahúsi Seljaskóla
- Íþróttahúsi Breiðholtsskóla
- Félags- og íþróttahúsi Skógarseli 12
- Frjálsíþróttavelli
- Knattúsi
- Íþróttahúsi Skógarseli frá og með 1. ágúst 2022
- Greiðslur vegna Íþróttahúsi við Austurberg falla niður 1. ágúst 2022.
- Gervigrasvöllur

ÍR skal gera ársuppgjör og leggja fyrir ÍTR fyrir 1. apríl ár hvert.

#### 5. gr.

Skógarsel 12 er í eigu ÍR og hefur Reykjavíkurborg greitt húsaleigustyrk vegna mannvirkisins ásamt greiðslum vegna gervigrasvalla. Þær greiðslur hafa farið í gegnum ÍBR. Við undirritun þessa samnings mun Reykjavíkurborg greiða ÍR húsaleigustyrk og styrk vegna gervigrasvalla beint vegna þessa og er sú greiðsla hluti af þessum samningi, án aðkomu ÍBR.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „ÍTR“) er leigutaki á mannvirkjum borgarinnar og greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

#### 6. gr.

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

7. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

8. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2022. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

9. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík 20. júní 2022

F.h.Reykjavíkurborgar

F.h. Knattspyrnufélags ÍR

---

---